

A 1688/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um innflutning flóttafólks og stefnu í vinnumarkaðsmálum

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hefji skipti á upplýsingum um hvernig Norðurlöndin taki á málefnum flóttamanna og innflytjenda á vinnumarkaði og að þessar viðræður miði að gerð tillögu um viðeigandi umbætur og stefnumörkun sem beita megi í mörgum landanna. Sér í lagi gæti verið áhugavert að skoða hvaða markvissar aðgerðir og tæki í löndunum hafa skilað mælanlegri jákvæðri niðurstöðu;

að hún íhugi hvort tilefni sé til að þróa sérsniðið regluverk eða lausnir fyrir ákveðna hópa atvinnuleitenda án þess að taka neinn einn hóp fram yfir annan;

að hún íhugi að veita fé í norrænar rannsóknir og greiningarvinnu um innkomu flóttamanna og innflytjenda á norrænan vinnumarkað til skemmri og lengri tíma litið.

Aðdragandi

Núverandi innflutningur flóttafólks frá Miðausturlöndum neyðir öll Norðurlöndin til gagnrýnnar skoðunar á stefnu sinni í vinnumarkaðsmálum. Það er ekki nýtt að nýir hópar innflytjenda komi til landa okkar og að við höfum um langt skeið safnað reynslu um aðlögun innflytjenda á vinnumarkaði. Núverandi innflutningur flóttafólks gengur þó mjög hratt og fjöldinn er mikill. Auk þess koma margir frá upprunalöndum eins og Írak og Sómalíu og til þessa hefur reynst erfitt að ná upp viðunandi atvinnuþátttöku innflytjenda frá einmitt þessum löndum. Ef til vill er tilefni til að íhuga hvort sníða mætti reglur eða starfsvenjur að markhópum, hvort heldur er um að ræða starfsstétt, þjóðernishóp eða hóp með ákveðna menntun? Það má þó ekki fara þannig fram að neinn einn hópur verði á óréttmætan hátt tekinn fram yfir annan.

Evrópa stendur frammi fyrir miklum áskorunum varðandi fólksflutninga og móttöku fólks á flóttu. Til þess að tryggja að þeir sem eiga rétt á vernd fái líka vernd, einnig í framtíðinni, er mikilvægt að þeir sem óska eftir að setjast að á Norðurlöndunum öðlist þekkingu og aðgang að bæði þeim réttindum og skyldum sem eru í gildi hér. Möguleikinn á að fá vinnu fljótt og geta séð fyrir sér gegnir hér lykilhlutverki.



Öll Norðurlöndin hafa eigin ólíka verkfærakassa og hefðir í vinnumarkaðsmálum og það eru hvorki góðar ástæður né pólitískur vilji fyrir algjörlega sameiginlegum lausnum í vinnumarkaðsmálum. Hins vegar teljum við að það geti verið gagnlegt að hefja sameiginlega umræðu sem og skilvirk skipti á upplýsingum um hvernig löndin taka á innflutningi flóttafólks. Á grundvelli svona hagnýtrar lausnar geta þó einnig rúmast skilvirkar sameiginlegar tillögur um viðeigandi umbætur og stefnumörkun. Norræn miðlun reynslu og söfnun upplýsinga (rannsóknir) ætti að geta fundið og sýnt gögn um þau verkfæri og þá stefnu sem sannanlega hefur leitt til þess að fleiri hafi fengið atvinnu.

Með þessu viðhorfi er innflutningur flóttafólks skoðaður frá sjónarhorni stefnu í vinnumarkaðsmálum. Það er augljóst að innflutningur flóttafólks snýst ekki fyrst og fremst um efnahagsmál, vinnumarkað eða ríkisfjármál. Skipulag vinnumarkaðarins ræður þó miklu um getu samfélaga okkar til að tryggja þeim sem flýja hingað sómasamlegt líf og vinnumarkaðurinn skiptir líka höfuðmáli um hvernig afstaðan til innflytjendanna þróast.

Nokkur viðmið og sjónarmið um tilhögun stefnu í vinnumarkaðsmálum og norræns samstarfs í þessari nýju stöðu gætu verið:

1) Fyrir þá hælisleitendur sem hafa fengið eða munu sennilega fá dvalarleyfi þarf að reyna að fá eins skjóta og varanlega aðlögun að vinnumarkaði og kostur er. Eingöngu á þann hátt er unnt að komast hjá því að innflutningur flóttafólks verði þung byrði á efnahag ríkisins. Það eru til pólitískar leiðir til þess að draga úr fjölda hælisleitenda en sú viðleitni á ekki að grafa undan stefnu í vinnumarkaðsmálum sem á að stefna að skjótri aðlögun að vinnumarkaðnum.

2) Þar sem starfsgeta og þekking margra innfluttra flóttamanna, að minnsta kosti í byrjun, er veikburða, þá þarf á gagnrýninn hátt að reyna og kanna ýmsar leiðir til að skapa hvata fyrir atvinnurekendur til að ráða þessa einstaklinga í vinnu. Þetta þarf þó að gerast án þess að það bitni á öðrum hópum í samfélaginu sem standa höllum fæti. Grundvallarlögmálið á norrænum vinnumarkaði á ávallt að vera sanngjörn meðferð en ekki endilega nákvæmlega eins meðferð.

3) Það þarf að huga sérstaklega að því að skapa nýjar lausnir sem gera innflytjendum og einstaklingum úr öðrum hópum, sem standa höllum fæti, kleift að koma inn á vinnumarkaðinn. Ýmsar gerðir starfsnáms gætu verið við hæfi. Einnig mætti á betri hátt en áður reyna að tengja starfsnám við störf þar sem menn læra á vinnustaðnum. Slíkt frumkvæði og tillögur hafa upp á síðkastið verið sett fram af þjóðhagfræðingum í mörgum löndum, meðal annars í Svíþjóð og Þýskalandi. Menn ættu þó ekki að leitast við að hafa ólík launakerfi eða vinnumarkaðsreglur fyrir innflytjendum og aðra á vinnumarkaði. Slíkt bryti í bága við grundvallarreglur laga. Markmiðið er að skapa jöfn tækifæri fyrir alla, ekki að skapa kerfi með annars flokks borgurum.



4) Umbætur á vinnumarkaði og aðgerðir almennt séð eiga að beinast að öllum vinnumarkaðnum. Við viljum ekki skapa tvískiptan vinnumarkað heldur vinna á grundvelli frelsis til að gera kjarasamninga. Þrátt fyrir að innfluttir flóttamenn hafi í mörgu tilliti þörf fyrir sértækar aðgerðir, þá verður norræn stefna í vinnumarkaðsmálum, þegar allt kemur til alls, að byggjast á allsherjarreglu. Almennt þarf að taka mið af að góðar umbætur á vinnumarkaði gagnist bæði innflytjendum og núverandi vinnuafli á vinnumarkaði.

5) Þrátt fyrir að margir innflytjendur, að minnsta kosti til að byrja með, þarfnist menntunar, þá eru einnig margir vel menntaðir einstaklingar meðal þeirra sem nú sækja um dvalarleyfi. Það er því mikilvægt að sjá til þess að menntun þeirra verði viðurkennd, og eftir þörfum uppfærð, þannig að þeir geti hafið störf og þar með skapað sjálfum sér betra líf og lagt sitt af mörkum til samfélagsins.

6) Það er mikilvægt að eiga samstarf við fulltrúasamtök innflytjenda og verkalýðshreyfinguna. Það eru þó ríkisstjórnirnar og þjóðþing landanna sem bera endanlega ábyrgð.

7) Það er tæpast hægt að gera of mikið úr mikilvægi velheppnaðrar aðlögunar að vinnumarkaði. Rannsóknir á hryðjuverkaárásunum í Frakklandi og Belgíu sýna hve mikið vandamálið með ofsafenginn Íslamisma tengist langtímaatvinnuleysi og ungmennum fátækra úthverfanna með brostnar framtíðarvonir. Þeir sem láta glepjast af ofsafengnum boðskap Íslamismans virðast ekki vera mjög trúræknir einstaklingar, heldur einstaklingar sem hafa ekki fundið sér stað í menntakerfinu og á vinnumarkaði.

Hagvöxtur með þátttöku allra ræður úrslitum um möguleika einstaklingsins og möguleikanum á að skapa sjálfbært samfélag. Það að hafa vinnu felur meira í sér en bara að sjá sér farborða. Eigin laun til að lifa af eru grundvöllur sjálfstæðis og vinnustaðurinn er fyrir marga mikilvægur félagslegur vettvangur utan við nánustu fjölskyldu. Þetta er jafn mikilvægt fyrir þá sem eru íbúar fyrir og þá sem eru nýlega aðfluttir. Samfélag með þátttöku allra er líka lykillinn að því að hindra útbreiðslu öfgaskoðana.

8) Norræna ráðherranefndin ætti að íhuga hvort leggja þarf fé til hliðar til rannsókna og greiningarvinnu um innkomu flóttamanna og innflytjenda á vinnumarkaðinn til skemmri og lengri tíma litið, gjarnan með áherslu á að kortleggja hvaða markvissa stefnumörkun og tæki hafa skilað skýrum mælanlegum árangri.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndaráliði byggir á þingmannatillögu frá flokkahópi hægrianna í Norðurlandaráði. Margir settu fram gagnrýni á upphaflegan málslið í tillögunni sem á vissan hátt hvatti til innleiðingar láglaunastarfa á Norðurlöndunum. Þingmannatillögunni hefur því verið breytt í nefndarálitinu og orðaval og tillögur verið lagfærðar.



Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Erlend Wiborg (FrP)

Håkan Svenneling (V)

Juhana Vartiainen (saml)

Katri Kulmuni (cent)

Kjell-Idar Juvik (A)

Lars Tysklind (L)

Lena Asplund (M)

Magni Arge (T)

Mikael Staffas (Lib)

Per Olaf Lundteigen (Sp)

Pyry Niemi (S)

Pål Jonson (M)

Ruth Mari Grung (A)

Torgeir Knag Fylkesnes (SV)

Fyrirvari

Mikkel Dencker (Norrænu frelsi) gerði fyrirvara við alla þrjá málsliði nefndarálitsins og þar með við allt nefndarálitið. Hann telur ekki að nefndin eigi að vinna frekar með málið.

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Mikkel Dencker (DF)